

ÍSLAND: ÖRUGGUR STAÐUR TIL AÐ VERA Á

Starfsemi björgunarsveita er varnar- og öryggismál

Í ljósi hernaðarátaka og stóraukins óstöðugleika í alþjóðamálum hefur komið fram krafa um að lönd verji stærri hluta þjóðarframleiðslu sinnar til varnar- og öryggismála. Þetta er skiljanlegt. Ísland hefur löngum varið um 0,1% þjóðarframleiðslu til varnarmála en hefur stutt markmið NATO um að þjóðir verji 2% GDP til varnarmála, tala sem hefur farið hækkandi undanfarin misseri. En fámennt og herlaust land eins og Ísland hefur sérstöðu í þessu samhengi og þarf því að huga að eigin útfærslu á viðbragðsgetu sinni. Hervæðing er augljóslega ekki kostur enda hefur utanríkisráðherra sagt skýrum orðum að við verðum herlaus þjóð áfram. En við erum ekki stikkfrí.

HRIF hugveita hefur skoðað þetta mál frá ýmsum hliðum og bendir á eftirfarandi: Almennigur og stjórnvöld reiða sig á björgunarsveitirnar allan sólarhringinn, allan ársins hring og erum við öll stolt af því magnaða og óeigingjarna sjálfbæðastarfi sem þar fer fram. Mikil virðing er einnig borin fyrir björgunarsveitunum á erlendri grund. Aðilar eins og bandarísku og norsku strandgæslurnar og danski herinn horfa til getu okkar fólks til að starfa á lausnamiðaðan og farsælan hátt, búin nýjustu og öflugustu tækjum sem völ er á, við einhverjar mest krefjandi aðstæður til lands og sjávar í heiminum: veðurham og náttúruvá sem á sér vart sinn líka. Þá má nefna að íslenska alþjóðabjörgunarsveitin var fyrst allra á hamfarasvæðið eftir jarðskjálftana á Haítí, langt á undan nágrannabjóðum þeirra en aðeins 900 km eru til Bandaríkjanna frá Haítí meðan yfir 6.000 km eru til Íslands. Áður hafði rústabjörgunarsveitin sinnt útköllum til Tyrklands, Alsír og Marokkó. Viðbragðsflýtirinn og getan eru því sannarlega til staðar. Starfsemi björgunarsveitanna einskorðast því ekki við Ísland.

"Agalegt er agaleysið - okkur hjá"

Agaleysi Íslendinga er viðbrugðið, eins og ofangreint vísbrot vísar í. Við erum óvön að skipuleggja langt fram í tímann en skjót að bregðast við. Mörgu er eflaust þar um að kenna en nægir að benda á okkar óstöðuga umhverfi þar sem ávallt er allra veðra von og sæta þarf lagi á svo mörgum sviðum hvað varðar gættir, veður og efnahag. Þessar krefjandi aðstæður hafa hins vegar sett spor sín í þjóðarsálina og þess vegna erum við yfirleitt á varðbergi og viðbúin á ögurstundu. Björgunarsveitirnar og öflugt sjálfbæðastarfið þar eru ein birtingarmynd þessa. Er hér kannski eitthvað sem byggja má á?

Fjárfesting í færni

Ísland er náttúruperla sem á þriðju milljón ferðamanna heimsækir á ári hverju. Þessum sömu ferðamönnum þurfa björgunarsveitirnar stundum að bjarga úr óvæntum aðstæðum. Hálendisvakt Landsbjargar hefur getað sinnt mikilvægu forvarnarstarfi og létt á útköllum úr nærliggjandi sveitarfélögum frá því vaktin tók til starfa fyrir rúmum áratug. Loftslagsbreytingar hafa í för með sér óstöðugra veður, sem vart var á bætandi með tilheyrandi ófærð, foktjóni, og skriðuföllum. Jarðhræringarnar á Reykjanesi ollu miklu álagi á björgunarsveitirnar um tíma og jarðhræringum á Íslandi er hvergi nærri lokið, eins og við vitum. Björgunarsveitirnar eru okkar fyrsta viðbragð við vá og samfélagið reiðir sig á skilningsríka vinnuveitendur og aðstandendur.

Landsbjörg teygir sig um allt land og telur í dag 93 björgunarsveitir, 37 slysavarnardeildir og 48 unglingadeildir. Um 4.000 einstaklingar eru virkir í björgunarsveitum. En betur má ef duga skal. Tryggja þarf mönnun björgunarsveitanna til frambúðar til að dreifa álaginu og til þess þarf fjölmenna og öfluga grasrót. HRIF hugveitan leggur til að starf og þjálfun björgunarsveitanna/Landsbjargar fái sess innan menntakerfisins frá grunnskólaaldri. Björgunarsveitarstarf Landsbjargar sé kynnt fyrir börnunum á nokkrum skólastigum, með reglulegri þjálfun sem þróast í takt við aldur og þroska. Þjálfun og fræðsla—ævintýranám—

væri þá hluti af skyldunámi á grunnskólastigi og gæfi einingar á framhaldsskólastigi. Landsbjörg rekur nú þegar tvo skóla: Björgunarskóla Landsbjargar og Slysavarnarskóla sjómanna með um 5.000 nemendur árlega. Á þessu námi má byggja, fjölga leiðbeinendum og skipuleggja kennslu og innleiðingu í námskrár á viðeigandi skólastigum.

Útfærslan gæti verið með ýmsum hætti. Hægt væri t.d. að helga hluta síðustu annar framhaldsskóla þjálfun á vegum björgunarsveitanna. Slík þjálfun byði upp á fjölbreytta kosti s.s. vettvangsbjörgun, netöryggi, matvælaöryggi, orku- og samskiptaviðbúnað, drónagreiningu, hjálp í viðlögum, verkefnastjórnun, teymisvinnu, fjallamennsku og útivist undir leiðsögn. Færni sem gagnast víða í samfélaginu.

Í herlausu landi er engin herskylda en ungir Íslendingar hefðu mögulega gott af þegnaskyldu á mótunarárum sínum, sem nýta mætti til að efla björgunarsveitastarfið.

Allt kostar þetta og greining á því þyrfti að fara fram. Ef horft er til þess að 2% af þjóðarframleiðslu Íslendinga árið 2025 nam 87 milljörðum króna, skv. tölum Alþjóða gjaldeyrissjóðsins, þá virðist ljóst að hluta af því fé væri vel varið í björgunarsveitirnar og sterkara samfélag.

Sterkara samfélag

Með því að kynna björgunarsveitirnar í grunnskóla og þjálfu ungt fólk í framhaldinu markvisst í náttúrulæsi gegnum útivist og færni í að bjarga sér og öðrum ef aðstæður krefðu yrði til enn sterkari tilfinning fyrir samfélagslegri ábyrgð. Hér væri því til mikils að vinna fyrir ungt fólk og samfélagið allt. Áherslupunktur og ávinningur eru listuð upp hér að neðan:

- Útivist, þekking á búnaði, tækni og aðstæðum í eigin landi
- Fyrsta hjálp og rétt viðbrögð á vettvangi slysa og hamfara
- Mönnun björgunarsveitanna tryggð til frambúðar
- Færni, bókleg og verkleg, verkefnisstjórnun
- HópaVinna og öguð vinnubrögð við að leysa vandamál
- Tilgangur og hlutverk dregur úr einangrun og eykur félagsfærni
- Grundvöllur lagður að úrvalssveitum og alþjóðasamstarfi (sbr. rústabjörgunarsveitir)
- Sjálfsbjargarviðleitni
- Aukin viðbragðsgeta, viðnámsþróttur, öflugri almannavarnir, öryggi íbúa
- Ísland öruggari áfangastaður ferðamanna
- Afleiddur ágóði; bætt lýðheilsa, aukinn agi, ábyrgð, aukin færni, þekking á náttúru og nærumhverfi, samkennd, sjálfstraust, samfélagsleg ábyrgð - sterkara samfélag.

Í samantekt: Nýtum okkur þá sérstöðu að vera herlaus og að eiga ekki landamæri að ófriði. Beinum auknum útgjöldum til varnar- og öryggismála í göfuga, friðsama borgaralega starfsemi björgunarsveitanna og sjálfbóðaliðastarf. Verum fremst meðal þjóða í björgun, eflum almannavarnir og styrkjum unga fólkið okkar samtímis til dáða, sjálfsbjargar og útivistar í þessu hrjóstruga en fallega landi.

Einar Mäntylä f.h. HRIF hugveitu.

HRIF hugveita fjallar um fjölbreytt málefni sem þverfagleg, ópólitísk hugveitan tekur fyrir hverju sinni. Meðlimir hugveitunnar koma víða að úr samfélaginu og hafa fjölbreyttan bakgrunn og margháttaða reynslu sem skilar sér í frjóum umræðum um tiltekin málefni. Afurðir HRIF hugveitu verður framvegis að finna á heimasíðu hugveitunnar og viðeigandi vettvangi sem ræðst af málefninu hverju sinni.